

Fornleifarannsóknir á Hofsstöðum í Mývatnssveit 1995

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson

Viðbætur.

*Magnús Á. Sigurgeirsson: Hofstaðir í Mývatnssveit. Könnun á gjóskulögum
vegna fornleifarannsókna sumarið 1995.*

Fornleifastofnun Íslands

FS011:91024

Reykjavík 1995

Efnisyfirlit

I. Inngangur	3
II. Fyrri rannsóknir á Hofsstöðum.....	5
III. Markmið rannsóknar 1995.....	11
IV. Aðferðir	12
V. Staðsetning og lýsing á rannsóknarsvæði.....	15
VI. Yfirlit um gang uppgrافتar	17
VII. Lýsing mannvistarleifa	19
VIII. Fundir og sýni.....	27
IX. Samantekt og niðurstöður	28
Heimildir	31
Frumgögn	33
Ljósmyndaskrá.....	34
ViðbæturMagnús Á.Sigurðeirsson: <i>Hofsstaðir í Mývatnssveit. Könnun á gjóskulögum vegna fornleifarannsóknna sumarið 1995</i>	37

I. Inngangur

Rannsóknir á fornleifum í landi Hofsstaða í Mývatnssveit eiga sér langa sögu. Í upphafi aldarinnar vaknaði áhugi fræðimanna á fornum mannvirkjum sem þar er að finna í túni austan við bæinn. Fyrstu rannsóknir á þessum minjum voru gerðar 1901 og hafa þar síðan verið gerðir uppgreftir og uppmælingar 1908, 1965, 1991, 1992 og nú 1995. Hafa þessar rannsóknir einkum beinst að stórri, aflangri tóft, og gryfju við suðurgافل hennar. Um fyrri rannsóknir er fjallað nánar í næsta kafla, en að öðru leyti er þessi skýrsla um árangurinn af rannsókninni 1995.

Í framhaldi af rannsóknum á meintum hofminjum á Hofsstöðum 1991 og 1992, var þar gerð ný rannsókn sumarið 1995 á vegum Fornleifastofnunar Íslands. Aðdragandinn að þessari rannsókn var árangur uppgraftarins 1992. Leiddi hann m.a. í ljós að aðstæður til rannsókna væru óvenju heppilegar, enda varðveisluskilyrði í jarðvegi góð og jafntframt fannst fjöldi gjóskulaga frá sögulegum tíma er auðvelduðu aldursákvörðun á mannvistarleifunum. Niðurstöður uppgraftarins 1992 voru m.a. þær að fleiri og eldri byggingarstig er að finna undir skálatóftinni stóru. Við fyrri athuganir hafði aðeins verið gert ráð fyrir einu byggingarstigi á svæðinu öllu. Þar sem rannsóknin 1992 leiddi ótvírætt í ljós að um leifar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar væri að ræða þótti rétt að ganga úr skugga um eðli og aldur gryfjunnar sunnan skálans, en um hlutverk hennar hafa lengi verið skiptar skoðanir. Leitað var stuðnings Vísindasjóðs og var hann veittur. Hófst uppgröftur í lok júlímánaðar og lauk í ágúst 1995. Helsti árangur uppgraftarins 1995 var fólgin í þeirri niðurstöðu sem fékkst um aldur og hlutverk holunnar og stöðu hennar í byggingarsögu Hofsstaða eins og rakið verður í þessari skýrslu.


Í skýrslunni er greint frá markmiðum og aðferðum við rannsóknina, sagt frá gangi uppgraftarins og mannvistarleifum lýst (3.-8. kafla). Í lokakafla skýrslunnar eru teknar saman helstu niðurstöður uppgraftarins og þær settar í samhengi við rannsóknarsögu staðarins og framvindu umræðunnar um hlutverk minjanna á Hofsstöðum.

Rannsóknin var unnin undir stjórn Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar. Við hana unnu einnig Mjöll Snæsdóttir og María Reyndal að hluta. Magnús Á. Sigurgeirsson gerði

gjóskulagaathuganir og fylgir skýrsla hans hér í viðbæti. Er þessu fólki færðar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Höfundar þakka Vísindaráði fyrir styrk til rannsóknarinnar. Einnig ber að þakka Náttúruverndarráði fyrir afnot af húsnæði ráðsins á Skútustöðum og dr. Árna Einarssyni fyrir margháttða aðstoð. Ásmundur og Guðmundur Jónssynir á Hofsstöðum sýndu leiðangursmönnum gestrisni og höfðingskap að venju. Aðstoðuðu þeir við undirbúning rannsóknar og slógu fyrirhugað uppgraftarsvæði. Þeir skutu skjólshúsi yfir leiðangursmenn og búnað. Þeir léðu bifreið og gáfu torfþökur til að þekja yfir að uppgrefti loknum. Standa höfundar í ævarandi þakkarskuld við þá bræður.

II. Fyrri rannsóknir á Hofsstöðum

Um hlutverk, aldur og gerð gryfjunnar við Hofsstaðatóftina hefur talsvert verið ritað. Hafa fræðimenn ekki verið á einu máli um þessi efni. Gryfjan hefur öðlast fræðilegt mikilvægi vegna ágreinings um sannfræði Íslendingasagna, samspil fornleifa og ritheimilda, en sérstaklega hefur hún þótt hafa þýðingu sem heimild um heiðið helgihald. Slíkar niðurstöður kalla á aðferðafræðilega endurskoðun og greiningu á heimildafræðilegum grunni rannsókna á íslenskri menningarsögu¹.



Mynd 1. Hofsstaðir í Mývatnssveit. 1. íbúðarhús, 2. útihús, 3. fornleifar.

Fyrstu yfirborðsathuganir á staðnum gerði Brynjúlfur Jónsson á vegum Hins íslenska fornleifafélags árið 1901. Í skýrslu hans kemur fram að hin afarstóra tóft sem liggur í túni Hofsstaða hafi verið hof. Að auki var hringlaga tóft sunnan við stóru tóftina, sem mun hafa ? tilheyrt? hofinu samkvæmt munnnmælum². Daniel Bruun og Finnur Jónsson gerðu umfangsmiklar rannsóknir á þessum minjum árið 1908 og komust að þeirri niðurstöðu að hér væri

¹ Adolf Friðriksson 1994a, 1994c; Orri Vésteinsson 1994a, 1994b.

² Brynjúlfur Jónsson 1901, 12.


fundið hof frá víkingaöld. Birtu þeir niðurstöður sínar víða og á ýmsum tungumálum³. Höfðu þeir grafið út alla stóru tóftina og þóttust sjá líkindi með henni og öðrum hoftóftum. Jafnframt þótti þeim lögun tóftarinnar samræmast lýsingum Íslendingasagna á hofum afar vel. Líkt og hofin skiptist tóftin í tvö hólf. Stærra hólfíð töldu þeir hafa verið veislusal, en hið minna stall fyrir goðin. Veggir þessa stóra húss voru úr torfi, að suðurgafli frátöldum sem virðist hafa verið timburgafl. Um gryfjuna sunnan við hina meintu hoftóft höfðu þeir ekki vísbendingar úr rituðum heimildum. Samkvæmt mælingum þeirra er hún 9 metrum sunnan við stóru tóftina. Er henni lýst sem sporöskjulaga gerði, 6,70 metra löngu (N-S) og 5,75 metra breiðu (A-V). Veggur gerðisins var 30-40 sm hár og 70 sm breiður að meðaltali. Botn tóftarinnar lá talsvert neðar en landið umhverfis. Var dýptin í miðju hans allt að einum metra, mælt frá efstu veggjarbrún. Í rannsóknarskýrslu eða frumgögnum er ekki að finna lýsingu á hvernig þessi tóft var grafin upp að öðru leyti en því að þeir hafi grafið niður á lag með ösku og kolum og grafið ofan af því öllu innan tóftarinnar. Síðan grófu þeir einn skurð langsum eftir miðri tóft og niður á botn, og annan þverskurð út frá langskurðinum. Ljósmyndir, frumuppdrættir sem og prentaðar teikningar sýna að langskurðurinn hafði stefnuna NV-SA, en þverskurðurinn var hornréttur á hann og grafinn í gegnum vestari helminginn. Uppgötvuðu þeir að þetta mannvirki var ekki tóft af húsi sem reist hefur verið á jafnsléttu, heldur reyndist það vera niðurgrafið, með veggjarhleðslum á brúnunum. Töldu þeir mestu dýpt holunnar vera 1,80 metra miðað við veggjarbrúnir, þ.e. um 1,50 metra neðar en túnið. Holan reyndist vera full af ösku, viðarkolum, dýrabeinum og fremur smáum eldsmerktum steinum. Voru steinarnir e.k. hraungrjót, sömu tegundar og þeir höfðu fundið í soðholum inn í stóru tóftinni. Var þetta lag þykkast í miðju, um 50 sm, en um 35 sm við vegg gryfjunnar. Töldu þeir holuna vera samskonar ruslahaug og þá er finnst við flesta íslenska bæi. Að vísu fundust þar langtum fleiri steinar en venjulega og þeim þótti reglulegt form gryfjunnar einnig vera óvenjulegt. Að auki er venjan að kasta rusli úr íslenskum bæjarhúsum út á hlað fremur en ofan í þartilgerðar gryfjur. Töldu þeir að úrgangi frá hofinu hafi verið fleygt ofan í gryfjuna að blótveislu lokinni. Þeir leituðu vísbendinga um hvort sjálf gryfjan hafi verið notuð við matseld, en fundu engin slík ummerki. Niðurstaða rannsóknarinnar varð víða kunn, og var þessara minja jafnan getið í yfirlitsritum um fornorræna menningu, sem dæmi um hof frá þeim tíma⁴.

³ Daniel Bruun og Finnur Jónsson 1909, 1910, 1911.

⁴ Sjá t.d. Haakon Shetelig og Hjalmar Falk 1937, 285; Daniel Bruun 1928, 33-53;

Mynd 2. Hofstaðatóftin

Undir miðja öldina kom fram gagnrýni á niðurstöður Bruuns og Finns. Aage Roussell benti á að hoftóftin svokallaða hefði sömu lögun og leifar bústaða frá járnöld á Norðurlöndunum. Hún væri því í raun afar svipuð venjulegum skála sem reistir voru víða á víkingaöld, og áhöldin sem fundust hafi verið fremur hversdagsleg amboð. Því væri það vafamál hvort um minjar um heiðið helgihald væri að ræða, fremur en venjulegar búsetuminjar⁵. Gagnrýni af þessu tagi fékk byr undir báða vængi og tók Olaf Olsen hana upp í doktorsriti sínu *Hørg, hov og kirke*⁶. Olsen tók til endurskoðunar allar heimildir, fornleifafræðilegar og ritaðar, um heiðið helgihald. Hann dró mjög í efa heimildagildi frásagna og lýsinga í Íslendinga sögum um hofbyggingar. Hann efaðist einnig um að örnefni og munnmæli væru heppilegir leiðarvísar og vísaði þannig á bug tilgátum fræðimanna um hofminjar hér og þar um landið. Þó taldi hann að finna mætti vísbendingar um helgihald til forna á Hofsstöðum. Tóftin þar er afarstór, nálega 50 metrar að lengd og ein sú stærsta sem þekkt er hér á Íslandi. Olsen lagði til að helgiathafnir hefðu farið fram á bæjum höfðingja, fremur en í sérstaklega þar til gerðum húsum. Grundvöllurinn að þessari kenningu er gryfjan sunnan skálatóftarinnar, sem til þessa hafði lítillar athygli notið í fræðilegri umfjöllun um hofin. Árið 1965 tók Olsen sér ferð á hendur til Íslands til að ganga úr skugga um hvert hlutverk gryfjunnar hafði í raun verið. Markmið rannsóknarinnar var




Arbmann och Stenberger 1935, 207-08.

⁵ Aage Roussell 1943, 215-223.

⁶ Olaf Olsen 1966

að skoða og gera uppdrátt af lagskiptingunni í holunni. Lét Olsen sér nægja að hreinsa upp úr minni skurðinum sem grafinn hafði verið í holuna 1908 og vildi sem minnst rask gera til að spilla ekki fornleifafræðilegu gildi mannvistarleifanna. Árangur athugunarinnar kemur fram á sniðteikningu af norðurhlið þverskurðarins. Þar kemur fram að neðst er gulbrúnn sandur, að því er virðist óhreyfður og án mannvistarleifa af nokkru tagi. Yfir honum eru tvennskona lög. Neðra lagið er grábrún mold, með sandlinsum og koluðum viðarleifum. Efra lagið er svart með miklu af viðarkoli. Á milli þessara laga er að finna sand með miklu af ösku og viðarkoli. Í báðum aðallögum og þá einkum í hinu efra, fann Olsen sótuga steina og



brennd bein. Olsen birti ekki snið af suðurhlið skurðarins en getur þess að það hafi sýnt samskonar lagskiptingu. Í ljósi þessarar athugunar taldi Olsen mikið vafamál að þessi gryfja hafi einungis verið e.k. ruslahola. Ef fyllingin í holunni kæmi úr eldstæðum og soðholum hússins taldi hann að sjást ætti í þversniðinu óregluleg jarðlagaskipting er sýndi ummerki um einstök fötufylli af úrkasti. *Mynd 3.*

Sniðteikning Olsens frá 1965.

Honum þótti líka kynlegt að gryfjan hafi ekki verið nýtt til fulls, hafi hún átt að vera ruslahola. Enn athyglisverðara var að holan hefur ekki einungis afar reglulega lögun heldur er og um hana vandlega hlaðinn veggur. Að auki liggur hún beint á mótis við miðlínu stóru tóftarinnar og blasir við aðaldyrum tóftarinnar, sem Olsen telur að hafi verið á suðurgafli. Þótti Olsen þessi atriði falla illa að þeirri skýringu að holan hafi verið grafin og veggir hlaðnir þar utan um til þess eins að fleygja rusli. Dróst hann heldur að þeirri skýringu að fylling gryfjunnar væri ekki aðflutt. Án þess að hætta sér út í að ráða fram úr uppruna einstakra jarðlaga, taldi hann að hið mikla magn af eldsmerktum steinum og brenndum beinum í

báðum aðallögum fyllingarinnar sýndi að gryfjan sjálf hafi í raun verið soðhola. Þar eð hún er margfalt stærri en venjuleg soðhola og að auki undir berum himni, þótti honum afar ósennilegt að hún hafi verið notuð við hefðbundna matseld. Hinsvegar gat holan hafa verið heppileg sem seyðir fyrir stórar samkomur. Hefur það þá verið liður í hinu heiðna helgihaldi að matreiða fórnardýrin í afarstórri soðholu utandyra, fyrir fjölmennið í blótveislunni sem fór fram í skálanum. Taldi Olsen þessa niðurstöðu einnig gefa möguleika á að bera kennsl á aðra staði þar sem blótveislur fóru fram. Hann minnti á að í frásögn Hauksbókar Landnámu um ferðir Flóka Vilgerðarsonar er sagt að við Brjánslæk megi enn sjá tóftir af skála hans sem og seyði. Þótti Olsen það freistandi að draga þá ályktun að þar væri um að ræða samskonar samsetningu og á Hofsstöðum, þ.e. gildaskála og seyði fyrir heiðnar helgiathafnir. Við forn bæi víða á Íslandi er að finna hringlaga tóftir, sem gegnt hafa margvíslegu hlutverki. Þeirra á meðal kunna að leynast stórar soðholur svipaðar þeirri á Hofsstöðum. Fór Olsen í leiðangur á Vestfirði til að skoða fornleifar á Hofstöðum í Þorskafirði þar sem hann vissi af áþekkingum minjum og í Mývatnssveit. Komst hann að því að búið var að jafna út minjarnar, en samkvæmt lýsingu var þar stór aflöng tóft og við hlið hennar, lítil hringlaga tóft. Mátti enn sjá dæld í túnið þar sem minni tóftin hafði verið. Taldi Olsen ekki ósennilegt að þar væru minjar gildaskála og soðholu, en varaði jafnframt við því að nota þessa reglu sem vísbendingu um minjar um heiðið helgihald. Til þess að þessi samsetning hlyti gildi sem trúverðug vísbending, yrði að gera umfangsmeiri fornleifarannsóknir á allnokkrum stöðum. Í umfjöllun sinni ræddi Olsen ekki aldur gryfjunnar, en gekk út frá því sem vísu að hún væri frá sama tíma og skálatóftin.

Niðurstöður Olsens hafa vissulega haft víðtæk áhrif á skoðanir fræðimanna⁷. Hafa t.a.m. norskir fornleifafraeðingar sem rannsakað hafa stóran skála á Borg í Lófóten, túlkað sambærilegar minjar þar sem bústað höfðingja sem hélt blótveislur til að styrkja völd sín yfir héraðinu⁸. Eru minjarnar á Hofsstöðum í Mývatnssveit fyrirmyndin að slíkum hugmyndum. Gagnrýni Olsens hefur jafnframt haft áhrif á aðferðafræðileg viðhorf hvað varðar samspil fornsagna og fornleifarannsóknna. Þrátt fyrir deilur um hlutverk minjanna á Hofsstöðum og þá óvissu sem enn ríkir um aldur þeirra, hefur víða verið um þær fjallað í gagnmerkum yfirlitsritum um norræna

⁷ Sjá t.d. Kristján Eldjárn 1970; Brøndsted 1965; Branson 1980; Ólafur Briem 1985

⁸ Munch 1991.

menningu og sögu á síðustu árum⁹.

Rannsóknir á Hofsstöðum hófust að nýju 1991. Leyfi fékkst í áföngum eftir að sumri lauk og því varð ekki úr fyrirhuguðum uppgrefti, en hins vegar var gerð rækileg uppmæling á minjunum. Komu niðurstöður þeirra mælinga heim og saman við fyrri uppdrætti af staðnum.

Við rannsókn á Hofsstöðum árið 1992 var grafinn þverskurður yfir tóft hins meinta gildaskála. Fundir og aðrar vísbendingar í jarðvegi (s.s. þykkt gólfs og járnvinnsululeifar) bentu til að hér væri um að ræða leifar íbúðarskála sem ekki væri frábrugðinn öðrum skálum nema hvað stærðina varðar¹⁰. Komu í ljós vel varðveitt gjóskulög er sýna aldur stóru tóftarinnar og einnig leifar eldri mannvirkja sem skálinn hafði að hluta til verið byggður ofan á. Niðurstaða rannsóknarinnar gefur til kynna að á rústum eldri bygginga hafi verið reistur skáli um eða eftir 900 og búseta þar lagst af á 11. öld¹¹. Holan sunnan við tóftina var ekki rannsökuð.

⁹ Sjá t.d. Jón Jóhannesson 1956, 146; Kristján Eldjárn 1974, 111-112; Foote og Wilson 1970, 157, 398; Roesdahl 1982, 164; Jones 1984, 282, 328-29.

¹⁰ Adolf Friðriksson 1992

¹¹ Magnús Á. Sigurgeirsson 1992

III. Markmið rannsóknar 1995

Til þessa hefur umræða fræðimanna um gryfjuna við Hofsstaði takmarkast við þær skýringar að hún hafi verið soðhola eða ruslagryfja. Í rannsóknunum 1908 og 1965 var holan aðeins könnuð með prufuskurðum og var öll gerð hennar því ekki þekkt. Ekki var ljóst hvort þar væri að finna t.d. innri hleðslur, gólfhlög eða eldstæði. Skýringar á hlutverki hennar byggja ekki tilvísunum til samskonar minja. Ekki eru þekktar ruslaholur með hlöðnum veggjum við íslenska bæi eða annarsstaðar á Norðurlöndum. Soðholur hafa fundist víðast við forn bæi á norðurslóðum og í öðrum heimshlutum, en yfirleitt eru þær 1-2 metrar í þvermál hið mesta. Við fyrri rannsóknir hafði ekki verið látið á það reyna hvort holan gæti verið leifar jarðhúss, enda voru jarðhús lítt kunn í íslenskri fornleifafræði fyrr en á sjöunda áratug þessarar aldar. Á síðustu árum hafa fundist svipaðar gryfjur við forn bæi og er ljóst að þær eru jarðhús sem hafa verið notuð í margvíslegum tilgangi¹².

Í rannsóknunum árin 1908 og 1965 fengust engar vísbendingar um aldur holunnar fundnar, enda eru fyrri rannsóknir eldri en flestar þær aldursgreiningaraðferðir sem nú eru notaðar. Fyrri rannsakendur gengu út frá því sem vísu að holan hafi verið í notkun á sama tíma og stóra tóftin norðan við hana, en gengu ekki úr skugga um að svo væri. Ekki er unnt að fullyrða um innbyrðis afstöðu gryfju og skála án þess að athuga jarðlög þar á milli.

Rannsóknirnar 1908 og 1965 leiddu ekki í ljós óyggjandi niðurstöður um aldur, gerð eða hlutverk gryfjunnar. Rannsóknin sem gerð var 1992 gaf hinsvegar góðar vonir um að finna mætti gjóskulög við holuna sem mætti tímasetja hana með. Einnig gáfu eldri byggingarstig sem þá fundust undir skálatóftinni stóru ástæðu til að ætla að gryfjan gæti verið frá öðrum tíma en skálinn. Markmið rannsóknanna 1995 var að fá úr því skorið hvert var hlutverk gryfjunnar (þ.e. hvort hún hafi verið ruslahola, soðhola fyrir veisluhöld eða jarðhús til íbúðar eða hversdagsstarfa), tímasetja hana og finna út afstöðu hennar til annarra minja á svæðinu.

¹² Sjá t.d. Bjarni F. Einarsson 1992; Orri Vésteinsson 1992

IV. Aðferðir

Áður en hafist er handa við uppgröft á fornleifum er nauðsynlegt að gera nákvæma athugun á yfirborði minjastaðarins, enda verður uppgröfturinn ekki endurtekinn á sama hátt þar eð jarðlögum og fornum mannvirkjum hefur verið að nokkru raskað. Gerðir höfðu verið uppdrættir af Hofstaðaminjunum 1901 og 1908. 1991 var gerður nýr uppdráttur af fornleifunum í þeim tilgangi að reyna að fá sem gleggsta mynd af minjunum áður en grafið yrði í þær. Voru þá gerðar tvönn konar mælingar. Annars vegar var gerður einfaldur uppdráttur er sýnir útlínur tóftanna og kom hann furðu vel heim og saman við uppdrætti Daniels Bruuns frá 1908. Hinsvegar var gerð uppmæling á minjunum með hæðamæli. Hæðarlínuteikning af rústinni var unnin með aðstoð tölvu. Þar sem notuð höfðu verið afar frumstæð mælitæki kostaði uppmælingin mikla fyrirhöfn en árangurinn er mikilvægur því lögun minjanna verður vart skráð á nákvæmari hátt.

Þar sem grafið hefur verið áður í mannvistarleifar á Hofstöðum voru eldri fornleifaskýrslur kannaðar og frumgögn úr leiðangri Daniels Bruun frá 1908 skoðuð. Þessi gögn eru varðveitt í skjalasafni danska þjóðminjasafnsins. Í gögnunum er að finna 40 teikningar af Hofstaðaminjunum og uppgreftinum á ýmsum stigum. Nokkrar þeirra hafa verið birtar í skýrslum og bókum Bruun um rannsóknir hans á Íslandi. Bruun gerði nokkrar yfirlitsteikningar af minjastaðnum fyrir uppgröft, menn við uppgröft, minjar uppgrafnar að hluta og loks að uppgrefti loknum. Þá hafa verið gerðar nokkrar grunnmyndir (1:100) er sýna helstu einkenni skálatóftarinnar. Ein þeirra er að mestu leyti eins og hreinteikningin sem var birt með skýrslum um rannsóknina. Þar eru sýndir stoðarsteinar, torfveggir í skála og útlínur skurða og prufuhola í skála og gryfju. Í dagbókum Daniels Bruun frá 1908 er að finna tvær grófar útlínuteikningar í u.þ.b. 1:1350 og 1:1500. Í þessum gögnum er að finna nokkrar skissur af eldstæðum (1:50) og þversnið um aðalhús og afhýsi að gólfi, en engin sérstök teikning hefur verið gerð af gryfjunni. Við uppgröftinn 1908 voru teknar allnokkrar ljósmyndir. Í safni rannsóknargagna Bruuns eru varðveittar 39 ljósmyndir úr uppgreftinum. Sýna þær rannsóknina á ýmsum stigum og staka hluti mannvistarleifanna. Tvær myndanna eru af gryfjunni. Þær sýna að grafnir hafa verið tveir skurðir ofan í gryfjuna og er það í samræmi við alla uppdrætti af minjunum. Myndirnar eru mjög svipaðar, enda teknar frá sama sjónarhorni, þ.e. sunnan við holuna. Á annarri myndinni stendur maður í holunni og styður sig við reku. Daniel Bruun birti sjálfur aldrei þessar myndir með rannsóknarskýrslum sínum. Var önnur

myndin fyrst birt í doktorsriti Olsens en hin er vart hæf til birtingar vegna lélegra gæða. Leitað var til Olafs Olsen um frumgögn úr rannsókn hans 1965. Segir hann öll gögn er varða uppgröftinn hafa verið birt í ritgerð hans¹³. Þar er birt sniðteikning úr gryfjunni og lýst jarðlögum í henni.

Ýmis vandamál eru fólgin í enduruppgræfti. Yfirleitt eru fyrirhuguð uppgraftarsvæði óröskuð og jarðlög sem safnast hafa saman yfir fornum mannvistarleifum einsleit. Holur, skurðir, innskot og fyllingar í mannvistarlögum teljast gjarnan vera hluti hinna fornu mannvirkja. Þar sem grafið hefur verið áður í vísindaskyni, getur reynst erfitt að kveða upp úr hvort slíkt rask sé frá fornri tíð eða spor eftir fyrri rannsækendur. Jarðvegur sem kemur úr mannvistarlögum, en hefur verið rótað og spillt getur verið keimlíkur óröskuðum mannvistarlögum. Þá spilla fyrri rannsóknir gjarnan samhengi og gerir greiningu á jarðlagaskipan erfiðari viðureignar. Grundvallarforsenda enduruppgrafar er því úttekt á mörkum fyrri rannsókna.

Á yfirborði virðast hlaðnar brúnir gryfjunnar vera nánast sporöskjulaga tóft sem snýr í NA-SV. Lögð var út grunnlína sem lá N-S og skipti hún tóftinni í tvo þríhyrninga með samliggjandi langhliðar. Hreinsuð voru jarðlög ofan af gryfjunni innan veggja. Þá var hreinsað upp úr þverskurðum frá 1908 og 1965 og þversnið teiknuð.

Á Hofsstöðum 1995 var þegar í upphafi leitast við að finna ummerki um fyrri rannsóknir. Kom reynslan frá 1992 í góðar þarfir. Á teikningum og ljósmyndum frá 1908 má sjá að grafnar höfðu verið innan úr gryfjutóftinni nokkrar skóflustungur og síðan grafnir könnunarskurðir í miðju. Nær annar þeirra langsum yfir, frá NV-SA, en hinn nær þversum frá langskurði í miðju í SV og mynda þeir bókstafinn ? T?. Strax og fyrstu ummerki frá 1908 komu í ljós var unnt að fylgja mörkum þess uppgrafar. 1908 hafði verið grafin grunn skál ofan í miðju holunnar og skurðir grafnir áfram niður úr skálinni. Grafararnir hafa mokað burt allri óhreyfðri gróður- og fokmold en síðan komið niður á dökkt sand- og kolaborið ruslslag. Þessu lagi virðast þeir hafa fylgt samviskusamlega og má því enn gera sér grein fyrir lögun holunnar þegar hætt var að henda rusli í hana. Moldarúrkastinu hefur líklega verið mokað út fyrir barma gryfjunnar og sjást haugarnir á ljósmyndum frá 1908. Þegar þessum óhreyfðu lögum hafði verið mokað burt hefur verið grafið

¹³ Bréf frá Olaf Olsen til Adolfs Friðrikssonar, dags. 20. júní 1991.

fyrir hinum ? T? laga skurði. Úrkastinu úr honum hefur ekki verið mokað lengra en upp á skurðbrúnir, þ.e. ofan á sand- og kolaborna lagið. Þessu úrkasti hefur síðan verið mokað að mestu ofan í skurðina áður en holan sjálf var fyllt á ný, en þó voru enn greinilegir haugar á austurbakka langskurðarins. Með öðrum orðum var fyllingin í skurðunum að mestu leyti sama efni og upphaflega hafði verið mokað upp úr þeim, en fyllingin í holunni sjálfri að mestu leyti sama gróðurmold og grafin hafði verið upp úr henni. Flest bein sem í ljós komu við uppgröftinn 1908 virðast hafa verið hirt, en þó var talsvert magn af beinum, einkum í neðri hluta fyllingarinnar - þaðan sem beinin hafa upphaflega komið. Þar sem varðveisluskilyrði beina eru afargóð á Hofsstöðum var engin leið að gera greinarmun á beinum frá miðöldum og t.d. skrínukosti grafara frá þessari öld. Því var beinum ekki safnað úr þessum hreyfðu lögum. Jafnvel þó öll bein úr fyllingunni hafi komið frá hinum fornu Hofsstaðabændum, hefði verið ógjörningur að ákvarða frá hvaða lagi þau hafa komið, en fylling holunnar er afar lagskipt. Vegna þessa hafa þessir lausafundir tapað fræðilegu gildi sínu, en ógnarmikið safn beina liggur enn órannsakað í ósnertum jarðlögum holunnar sem bíða greiningar fornvistfræðinga.

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að athuga afstöðu gryfjunnar gagnvart skálatóftinni. Utan gryfjunnar var því grafinn könnunarskurður sem náði frá norðurbrún gryfjunnar að suðurgafli skálans. Var hann grafinn niður í óhreyfð jarðlög og að mannvistarleifum í hvorum enda.

Skráning mannvistarlaga var unnin á sama hátt og á Hofsstöðum 1992. Eru mannvistarleifar og jarðlög flokkuð í einingar og gefin númer sem einkennt eru með bókstafnum ? C?. Þessar einingar nefnast á erlendum málum ? context? og hefur ekki verið gefið íslenskt heiti, enda nýlunda við fornleifarannsóknir á Íslandi að greina og flokka upplýsingar úr uppgrefti með þessum hætti¹⁴.

Við lok rannsóknar voru settir skærлитir plastborðar í skurðbotna og fyllt yfir. Munu borðarnir verða næstu rannsóknarmönnum leiðarvísir um takmörk rannsóknarsvæðisins. Ekki var fyllt í gryfjuna sem áður, heldur var lagt moldarlag yfir mannvistarleifarnar og síðan tyrft yfir.


¹⁴Gerð hefur verið grein fyrir þessari aðferð við íslenskar rannsóknaraðstæður, sjá: Orri Vésteinsson, *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn I. Skýrsla um uppgröft 1995*. Fornleifastofnun Íslands, FS005:95011, Reykjavík 1995.



V. Staðsetning og lýsing á rannsóknarsvæði

Uppgraftarsvæðið er 110 metra í austur frá íbúðarhúsi á Hofsstöðum. Þar er stór skálatóft, sú sem löngum hefur verið talin tóft af hofi. Liggur hún N-S, neðst í brekkubrún undan Hofstaðaheiði. Skálatóftin er 50 metra löng að utanmáli og 10-14 metra breið. 9 metra beint í suður frá gafli hennar er gryfjan. Gryfjan er nær 7 metrar á lengri veginn, og 6 metrar á hinn veginn. Við brúnir gryfjunnar er hringlaga upphækkun eða vegghleðsla, um 30-40 sm á hæð. Um 12 metra í suðaustur frá syðri brún gryfjunnar er gerði sem liggur upp í brekkuna. Er það illgreinilegt vegna kjarrgróðurs. Vesturveggur er glöggur, en hinir mjög ógreinilegir. Hefur það óreglulega ferhyrningslögungu og er um 14 metrar á hvorn veg.

Við fyrri rannsóknir var sett upp hnitakerfi og var það lagt til grundvallar nú. Miðað var við hæl úr 1992 kerfinu í norðausturenda skurðarins ? Q? sem grafinn var þvert yfir stóru tóftina. Hér er mikilvægt að gera nánari grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á hnitakerfinu. Gamla kerfið 1992 var upphaflega y0-1 og x0-28, enda hagræði af því við upphaf rannsókna. Síðan var því breytt í y100-101 og x200-228, til að auðvelda frekari rannsóknir síðar. Hækkar x-ás í austur, en y-ás í norður. Eru rannsóknargögn frá 1992 í því



Mynd 4. Myndin sýnir uppgraftarmörk og legu sniða.

kerfi. Er það kerfi fremur lítið og var það því stækkað nú. Viðmiðunin var hæl x228, y101 sem er í NA horni skurðar. Nýtt viðmið var sett upp á x225.40, y101 og látið heita x226, y510.

Mismunur á kerfi 1992 og 1995 er því 60sm á x-ás, en 409m á y-ás. Settur var annar viðmiðunarpunktur á x-ás, 39 metrum sunnar. Er hann skammt austan gryfjunnar, á x226, y471. Þriðja viðmiðun var sett á x224, y471 og loks aðrir hælur hringinn í kringum fyrirhugað uppgraftarsvæði til hagræðingar. Uppgraftarsvæðið er tvískipt. Svæði G, sem nær yfir gryfjuna, nær lengst í suður á x218,60, y464, lengst í vestur á x215, y469.30, lengst í norður á x219.30, y472.70, og lengst í austur á x222.40, y469.40. Er svæðið því allt að 8 metrar á lengd N-S, og 7 metrar á breidd A-V. Skurður R nær frá nyrstu mörkum G á x217.12, y471.23 vesturhorn og x218,10, y471,78 austurhorn, til norðurs að x210, y477.20 í vestur og x211.20, y476.40 í austur.

Ekki er fastur hæðarpunktur í sjónmáli frá Hofsstöðum. Því var sem fyrr notast við SA-horn gangstéttar við inngang á íbúðarhúsi og hæð hennar ákvörðuð 200 metrar yfir sjávarmáli.

VI. Yfirlit um gang uppgrftar

Samkvæmt verkáætlun var fyrirhugað að grafa upp gryfjuna sunnan skálatóftar og gera könnunarskurð á svæðinu milli gryfju og skála. Í rannsóknarskýrslum frá uppgreftinum 1908 var uppgraftarsvæðum, könnunarskurðum og holum gefin tákni, A - P. Hafði gryfjan táknið ? G? og er það notað hér. Árið 1992 var grafinn skurður þvert yfir skálatóft og hlaut hann táknið ? Q?. Fyrirhugaður könnunarskurður milli gryfju og skála fékk því bókstafinn ? R?. Lengri skurðurinn frá 1908 í gryfjunni nefnist héreftir ? G-1? og hinn styttri ? G-2?.


Uppgröfturinn hófst 30. júlí 1995. Lögð var út grunnlína frá norðri til suðurs sem skipti uppgraftarsvæði yfir gryfjunni í tvo hluta. Uppgröftur hófst vestan við grunnlínu og grafið var 2 m breitt svæði til norðurs og suðurs. Fljótlega eftir að komið var niður úr grasrótarlagi (C1) komu í ljós skil í suðurenda svæðisins. Það reyndust vera syðri mörkin á niðurgrefti frá 1908. Síðar komu fram samskonar skil í norðurenda. Ljóst er að fyrst hefur torf verið stungið upp hringinn í kring um tóftina og fylgt hæstu brún upphækkunarinnar sem umlykur hana, en síðan eingöngu grafið upp úr miðju hennar. 31. júlí var svæðið stækkað til vesturs og fundin vesturbrún hringskurðarins frá 1908. Það reyndist fremur auðvelt að rekja skilin því skurðurinn 1908 hafði verið tekinn í gegnum yngsta gjóskulagið (frá 1717) á þessum slóðum. Þegar ystu mörk fyrri uppgrftar voru fundin var hafist handa við að hreinsa burt moldarlagið (C2) sem lá yfir holunni allri. Ofarlega við brúnir niðurgraftar frá 1908 kom í ljós gráleitt móösku- og kolalag (C4). Það gekk undir brúnirnar og nær þannig allsstaðar út fyrir gryfjuna, en innan í henni snardýpkaði það í átt að miðju og var því fylgt. Í laginu voru stórgripabein og eldsprungnir steinar. 1. ágúst var haldið áfram að grafa ofan af þessu lagi. Kom þá í ljós langi skurðurinn (G-1) sem grafinn hafði verið 1908 svo og þverskurðurinn (G-2) sem var hreinsaður og rannsakaður á ný 1965. Í botni fyllingarinnar kom fram fundur sem gaf til kynna hverjir höfðu verið þar að verki áður en við komum: danskur krónupeningur frá 1957 og súkkulaðibréf sem Olaf Olsen hefur lagt í botn skurðarins að rannsókn sinni lokinni. 2. ágúst voru skurðirnir G-1 og G-2 hreinsaðir og byrjað að hreinsa skákina austan við miðlínu niður að C4. 3. ágúst var við miðlínu sett upp sniðlína sem tók mið af austurhlið G-1 og nefnd ? snið-a?. Sniðið var teiknað og lokið við að grafa upp skák að austanverðu, að sniðbálki slepptum. 4. ágúst var sett upp hnitakerfi og teiknuð grunnmynd

tóftarinnar og takmörk uppgrafter 1908. Sniðbálkur a var þá tekinn niður að öðru leyti en því að skilinn var eftir stubbur sem var í línu við austursniðvegg skurðar R og náði inn að miðri gryfjunni.


5. ágúst var hafist handa við að grafa skurð R, frá nyrðri brún holunnar til norðurs í átt að suðurenda vesturveggjar skálans. Snið í gryfju G voru hreinsuð og undirbúin til teikningar og borin saman við eldri sniðteikningar. 6. ágúst var R-skurður lengdur enn í norður. Sniði norðurhliðar G-2 var gefið heitið ? snið-b? og var hreinsað og teiknað. 7. ágúst var R-skurður norðan gryfjunnar lengdur enn til norðurs. Lokið var við að teikna snið-b, en það er sama snið og Olsen rannsakaði 1965 og hefur birt teikningu af. Þá var einnig suðurhlið skurðarins G-2 hreinsuð og teiknuð og var því sniði gefið heitið ? snið-c?. Við hreinsun á botni G-2 kom í ljós lag sem liggur dýpra en eldri sniðteikningar sýna. Eftir því sem best varð séð er þetta hart og feitt gólfslag og hafði munað aðeins 1-2 sm að fyrri rannsakendur hefðu komið niður á það. Gólf þetta sást aðeins á örlitlum bletti og var ekki rannsakað frekar að sinni. 8. ágúst voru gerðar athuganir á gjóskulögum í og við uppgraftarsvæðið. Vesturhlið G-1 var gefið heitið ? snið-d? og var það hreinsað og teiknað. 9. ágúst var lokið við uppgröft á skurði R. Þá var ? snið-e?, sem er austurhlið G-1, teiknað. Mældar voru margar hæðir á efsta mannvistarlagi sem yfir gryfjunni liggur, þ.e. lagi C4, fyrir þrívíddarteikningar. Gerðar voru lýsingar á contextum 1- 5. 10. ágúst var uppgraftarsvæðið myndað í bak og fyrir. Gerðar voru lýsingar á contextum 6 - 16. Teiknað var austursnið könnunarskurðarins R norðan gryfju og gefið heitið ? snið-f?, ? snið-g? er vesturbrún, og sniðstúfar í skurðendum, suðursniðið ? snið-h? og norðursniðið við skálavegg ? snið-i?. Hafist var handa við frágang. Torfið sem þakið hafði gryfjuna var lélegt og því var tekið torf upp á heiði og flutt að uppgraftarsvæði. 11. ágúst var svæðið enn ljósmyndað, hola og skurður loks fyllt og tyrft yfir.

VII. Lýsing mannvistarleifa


Yfir allri gryfjunni og R-skurði var grasrótarlág (C1) um 5 sm þykkt og var moldin mjög fínkornuð og laus í sér. Undir grasrót í R-skurði var komið niður á moldarlag (C16) sem ekki hafði verið hreyft við fyrri rannsóknir, en yfir gryfjunni er það skorið af öðru lagi (C2). Það er úrkastið úr uppgröftum þeirra Bruuns og Olsens, brún gróðurmold, talsvert rótuð og með sótlinsum, sem komið hafa úr neðri lögum sem lýst verður síðar. Náði þetta lag (C2) yfir alla gryfjuna og var mjög einsleitt. Undir hreyfða moldarlaginu C2 og því óhreyfða C16, var gráleitt móösku- og kolalag (C4) og virðist sem því hafi verið fylgt við fyrri rannsóknir 1908 út að brúnum gryfjunnar. Áðurnefnt C16 lag er óhreyfð mold, með allnokkrum gjóskulögum frá síðari tímum. Auk þess sem það kom fram í R-skurði, sást það einnig við ystu mörk uppgrafar 1908 í gryfjunni. Hefur þetta lag legið yfir allri gryfjunni en verið fjarlægt við rannsókn 1908. Kemur það fram vestast í sniði-b og liggur ofan á öllum mannvistarleifum. Í C16 laginu sést H1 á stöku stað, um 3-4 sm yfir mannvistarlögum. Þar sjást einnig H1300, 1477 og Hverfjall 1717.



Snið-f




Snið-i




Snið-h



Snið-g




C4 lagið er yngsta mannvistarlagið yfir gryfjunni, en gengur undir yngri lög nyrst í skurði R. Liggur það yfir allri gryfjunni, en er slitrótt suðvestanmegin og sést ekki nema að hluta í sniði-c og kemur ekki fram í suðurhluta d-sniðs. Það kann að stafa af raski frá fyrri rannsóknum. Í R skurði er þetta lag um 3 - 6 sm þykkt og tiltölulega jafnþykkt í öllum skurðinum. Yfir gryfjunni er það ójafnara, væntanlega vegna fyrri rannsókna, eða um 3 - 10 sm þykkt. Sunnan til yfir gryfjunni er meira sót í laginu en norðan og austan til fylgir því 3 - 7 sm moldarlag. C4 lagið var fjarlægð í R-skurði, en hreinsað var ofan af því í gryfjunni. Í laginu er dálítið af beinum og voru þau tekin þar sem lagið var fjarlægð. Kom það allsstaðar fram í sniðum, að sniði-b frátöldu. Er það vegna þess að sniðbrúnin norðanmegin er orðin ávöl eftir rask rannsóknarmanna 1908 og 1965, en lagið er þar vestantil í gryfjunni engu að síður. Ekki er unnt að ákvarða hve þykkt lagið var á sínum tíma, því ekki er vitað hversu miklu var mokað upp af því 1908. Má vera að það hafi verið þykkast yfir miðri gryfjunni því þar var dokk sem það gat safnast í, en yfir veggjarbrúnum gryfjunnar hefur það væntanlega verið þynnra. Þar eð ruslalögin sem fylla gryfjuna var ekki fjarlægð nú, eru upplýsingar um lög eldri en C4 eingöngu fengin úr sniðunum og því ekki vitað nema að litlu leyti hve útbreidd þau eru, né hvort þar kunni að leynast enn önnur lög að auki. Undir C4 í R-skurði er moldarlag C13 og verður því lýst síðar, en undir C4 í gryfjunni er annað lag svipað C4. Það er C5, ruslalag sem einkennist helst af ljósri ösku. Í þessu lagi eru kol, móaska, möl og bein. Það liggur eins og C4 yfir gryfjunni og myndar því hluta af fyllingunni í henni. Það er töluvert lagskipt, að mestu er það ljós aska, en inn á milli eru mjóar rendur af dökkri ösku. Þá eru og linsur af möl hér og þar. Lagið er þykkast syðst en kemur ekki fram í sniði-c eða suðurhluta d-sniðs. Því kann að vera að það hafi ekki náð yfir suðvesturhluta gryfjunnar, nema það hafi verið fjarlægð 1908 líkt og lagið sem víðast liggur ofan á því, þ.e. C4. Af öllu e-sniði og d-sniði að norðanverðu að dæma er lagið þykkt og voldugt yfir norður- og austurhluta gryfjunnar, víðast um 20 sm. Í norðurhlutanum skiptist lagið í a og b (sbr. snið-d). C5b greinist frá C5a að því leyti að þar er mikið af fínlegri möl, með sandi og brenndum beinum, en í C5a er sama efni í fíngerðum linsum hér og hvar.



Mynd 7. Snið-b, norðurhlið skurðar G-2.

C6 er sannarlega aðalruslalagið í gryfjunni. Er þetta lag þykkt og mjög lagskipt sót- og viðarkolalag, með beinum, mól, steinvölum, viðarösku og móösku. Það er gróft og mislitt og liggur yfir allri gryfjunni. Kom það allsstaðar fram í sniðum í gryfjunni og er allt að 55sm þykkt. Er það langþykkast í miðri gryfju, en þynnist töluvert er nær dregur gryfjubrúnnum. Í sniði-b sést að það hverfur upp við brún gryfjunnar. Í þessu lagi fannst snældusnúður og var það eini fundurinn sem kom fram við rannsóknina. Er fjallað um hann í næsta kafla. Lagið er sett saman af mjög mörgum linsum og ógjörningur að lýsa því nema að skipta því niður í flokka sem bera skýr sameiginleg einkenni. Eru þessir undirflokkar merktir a - f á sniðteikningum og liggur C6e efst, en C6a neðst. C6f liggur á milli b og e, en í framhaldi af c. C6a er mjög blandað og þar er mikið af beinum, mold og viðarösku. C6b er einsleitara en a, víða algjörlega svart á lit og minna af beinum að sjá. C6c er linsa af mold sem greina má yfir norður- og austurhluta gryfjunnar (sbr. snið-b og snið-e). Í framhaldi af því að norðanverðu er C6f sem er moldarblönduð móöskulinsa. C6d er heldur svipað C6a laginu, en geymir meira af viðarösku og á tveimur stöðum má sjá torf með landnámsgjóskunni í. C6e er moldarblandað lag með miklu af beinum sem aðeins er að finna í miðri holunni þar sem hún hefur verið dýpst. Er þetta efsti hlutinn á C6 laginu.


Undir C6 laginu liggur kolablönduð móaska, C7. Hún er grá á litin, afar fínkornótt og skiptist í tvö keimlík lög, a.m.k. vestast í gryfjunni (sbr. snið-b og -c). Er C7a dökkgrá svotil hrein móaska, en C7b sem er neðar, er heldur ljósara og meira blandað aðskotaefnum.



Mynd 8. Snið-c, suðurhlið skurðar G-2.

Þar sem C7 sleppir og C8 tekur við verða þáttaskil. Þó ekki verði fullyrt um dreifingu og gerð mismunandi mannvistarlaga sem holan hefur fyllst af, þar eð sniðin ná misjafnlega djúpt niður og hvergi niður í óhreyfðan jarðveg, þá er engu að síður vert að huga að muninum á legu C4-C7 og C8 og eldri lögum. C4, C5, C6 og C7 eru þykkust í miðjunni en þynnast eða hverfa út við brúnir.

Er ljóst að þessi lög hafa safnast saman í djúpri gryfju og hlaðist upp og fyllt hana að mestu. Lagið sem liggur undir C7 virðist hinsvegar vera þykkast næst veggjum en þynnast út að miðju. Er ljóst að það hefur hlaðist upp á ólíkan hátt og við aðrar aðstæður. Þetta lag, C8, er ljósbrún og fínkornótt mold, blönduð torfi með landnámslagi í. Í laginu eru stöku kolaflekkir. Torfið er neðst í laginu og virðist vera strengur. Lagið kemur lítillega fram syðst í holunni, næst holubrún, en blasir við vestanmegin. Snið norðan og austan til ná ekki dýpra en að sýna lögin fyrir ofan C8. Vestan megin er lagið afarþykkt við holubrún, en hrapar niður í átt að miðju holunnar. Er engum blöðum um það að fletta að þetta lag er hrunið veggjarefni og jafnvel þakefni einnig.



Mynd 9. Afstaða contexta.

ruslalagið C4 sem liggur upp og ofan á vegginn.

Veggurinn sést geinilega á yfirborði og í vesturenda G-2 hefur verið grafið lítillega í hann. Þar blasa við þunnir og langir torfhnausar með landnámslaginu í. Hnausarnir virðast teknir rétt eftir að landnámsgjóskan féll og þeir snúa á hvolf í hleðslunni. Þegar snið-b er skoðað virðist eins og hleðslan C10 sé á stalli í brún gryfjunnar. Mögulegt er að þegar gryfjan (C11) var grafin á sínum tíma þá hafi verið tekinn stallur fyrir vegginn hringinn í kring. Til þessa hefur gryfjan verið sýnd á teikningum sem sporöskjulaga, en líklegra er að hún sé í raun ferhyrnd, en hornin orðin rúnnað og ávöl af völdum hruns úr veggjum. Neðsta sýnilega lag í C11 er gólfið C9 og dýpt gryfjunnar er allt að 98 sm. Án efa hefur hún í upphafi verið enn dýpri.

Upp að holubrúninni að utanverðu (sjá snið-b) sést sérkennilegt lag, C12. Það er blanda úr

Undir þessu lagi (C8) kom síðan í ljós á einum stað lag sem hefur haft veruleg áhrif á túlkun minjanna. Þetta lag er afar hart viðkomu, feitt, grásvart og mikið af fínkurluðu koli í því, C9. Kemur það eingöngu fram í G-2, enda ná skurðirnir á öðrum stöðum ekki niður úr C7 eða C8.

Ljóst er að 1908 var ekki grafið niður á þetta lag og liggur það því óspillt frá þeim tíma. Þegar snið-b var hreinsað 1965 kom þetta lag ekki heldur fram, enda ljóst að Olsen hefur talið sig vera kominn niður í óhreyfðan jarðveg er hann var kominn að hrunlaginu C8. Telja má víst að C9 sé gólflag. Um þykkt þess, dreifingu og samsetningu verður ekkert sagt nú.

Hringinn í kringum gryfjuna er eins og áður sagði torfhleðsla, C10. Við uppgröft 1908 var ekki farið beint ofan á þennan vegg, heldur staðnæmst við

hreyfðri mold og litlum, ljósum gjóskuflekkjum. Þegar C11 gryfjan var tekin hefur úrkastið lent á bökkum hennar. Ljósu flekkirnir koma úr forsögulegum gjóskulögum, H3 og H4. Er það gjóska sem mokað hefur verið burtu við holugerðina. C13 er samskonar lag og C12 og hefur líklega sama uppruna. Það liggur utan við torfvegg holunnar og er blönduð og hreyfð mold með H3 og H4 gjóskuflekkjum. Má vera að þetta jarðefni hafi verið notað til að púkka utan með torfveggjunum í upphafi. C14 er skylt C13. Moldin í því er dekkri og í laginu eru bein. Það kemur fram norðan við gryfjuna, syðst í R-skurði (sbr. snið-f, -g, -h) og er afar þykkt næst gryfju, allt að 25 sm, en dregst síðan út og verður örþunnt við skálann. Ekki er ljóst hvað þetta lag er, en má vera að það sé einnig frá því er gryfjan var tekin. Skýringin á litamuninum á C13 og C14 gæti verið sú að C14 hafi legið ofar, en C13 sé úrkast úr neðri lögum, nær ljósu gjóskulögum.

Undir C14 er óhreyfður jarðvegur. C14 situr ofan á ljósleitri mold (C17) og undir henni er landnámsgjóskusyrpan. Í R-skurði norðan gryfjunnar er unnt að skoða samhengi C14 lagsins við landnámsgjóskuna á löngum kafla, eða í sniði yfir 12 metra langt. Ekki er að sjá að landnámslagi hafa verið raskað, en hinsvegar virðist það nýfallið er hafist var handa við að grafa holuna. Að mati gjóskulagafræðings (sbr. Viðbæti) hefur verið grafið fyrir henni innan áratugs frá því er landnámsgjóskan féll, eða um 880.

Nyrst í R-skurði kom fram torfhleðsla, C15. Er það suðurbrúin á vestari langvegg skálans. Í sniði-g má sjá hreyft mislitt lag með torfi og móösku, C18. Það leggst yfir C4 en C15 situr ofan á. Ekki er ljóst hvað þetta lag er, en svo kann að vera að það hafi myndast við það er byggingar voru jafnaðar út áður en skálinn er reistur. Athygli vekur að skálaveggurinn C15 liggur ofan á ruslalögum sem liggja yfir holunni. Samhengi skála og gryfju er augljóst. Gryfjan hefur verið tekin og veggir hennar hlaðnir, síðan hefur hún fyllst af ruslalögum sem þynnast út í átt að skála. Skálaveggurinn hefur þá fyrst verið reistur, þegar gryfjan var orðin því sem næst barmafull af rusli.

Context skrá

Nr.	Tegund	Staðsetning	Eldra en...	Yngra en...	Annað
1	grasrót	yfir öllu uppgraftarsvæði		C2, C3, C4	
2	ylling	yfir gryfju	C1	C4	sker C3-C8
3	óhreyfður jarðvegur	undir mannvistarlögum	C9, C10, C4, C12-15, C17	0	Skorið af C11
4	úrgangur	í fyllingu gryfju	C15, C16, C2, C1	C3, C5, C17	
5	úrgangur	í fyllingu gryfju	C4	C6	Skorið af C2
6	úrgangur	í fyllingu gryfju	C5, C4	C7	Skorið af C2
7	úrgangur	í fyllingu gryfju	C6	C8	skorið af C2
8	hrunið torf	í gryfju	C7	C9, C10, C11	skorið af C2, saman við C7
9	gólf	í jarðhúsi	C8	C3, C10, C11	
10	torfveggur	um jarðhús	C4-9	C11-12	
11	skurður	tekinn fyrir jarðhúsi	C12, C10	C3	sker C3
12	hreyfð mold, úrkast	á skurðbrún C11	C10	0	samsíða C11
13	moldarlag	utan með jarðhúsi	C4	C14	upp að C10?
14	moldarlag	utan með jarðhúsvegg	C13	C17	
15	veggur	V-langveggur skálans		C4	
16	óhreyft	yfir mannvistarlögum	C1, C2	C4, C15	skorið af C2
17	moldarlag	lítið hreyft	C4, C14, C11?	C16	
18	moldarlag með torfi og gjósku	hreyft	C15	C4	

VIII. Smáfundir og sýni

Við uppgröftinn fannst einungis einn forngripur. Er það flatur, hringlaga steinn með gati. Þessi snældusnúður er úr dökkgráum og fremur mjúkum steini með rauðleitum blæ. Hann er 3.8 sm í þvermál og 1.8 sm þykkur. Gat er í gegnum hann miðjan og er það 1 sm í þvermál. Flötu hliðarnar eru lítillega kúptar, og er önnur þeirra aðeins meira ávöl en hin. Í steininum má sjá nokkrar fíngerðar rispur, eins og eftir hnífsodd. Samkvæmt upplýsingum frá ábúanda á



Mynd 10. Snældusnúður fundinn í gryfjunni við skálatóftina (teikn. Ragnar Edvardsson).

Hofsstöðum er efni þessu líkt að finna í litlu magni í s.k. Fellshól sem er uppi á Hofsstaðaheiði. Mögulegt er að efnið í snúðinn hafi verið fengið þaðan. Snúðurinn fannst í C6 sem er ruslalag, sbr. kaflann hér að ofan. Snúðurinn datt út úr sniði-b sem grafið hafði verið 1908 og hreinsað 1965. Fundaskrá úr þessari rannsókn er því ekki ýkja löng:

Nr.	Tegund	Context	X-hnit	Y-hnit	Z-mys	Efni	Dags
H95001	snældusnúður	C6a	218.51	468.70	199.95	steinn	7.8.95

Engin sýni voru tekin við rannsóknina önnur en til gjóskulagaathugana og voru þau ekki skráð eða varðveitt. Gert er ráð fyrir áframhaldandi rannsóknum þar sem gerðar verða nánar athuganir á innihaldi jarðvegs í fyllingu holunnar, koluðum leifum og beinum. Beinum sem fundust í

móöskulagi C4 í R skurði var safnað er lagið var fjarlægð.

IX. Samantekt og niðurstöður

Árangurinn af rannsóknunum á Hofsstöðum 1995 fór fram úr björtustu vonum. Markmiðið hafði verið að kanna aldur, gerð og hlutverk hinnar umdeildu gryfju sunnan við skálatóftina miklu. Nú liggja fyrir skýrar niðurstöður um aldur gryfjunnar. Gjóskulög og afstaða mannvistarlaga sýna að holan hefur verið grafin og reistir veggir við holubrúnir í lok 9. aldar. Þetta er staðfest af gjóskulagi sem nú er talið hafa fallið 871-872. Líkindi eru á að fyrstu ummerki mannaferða séu frá um 880.

Af gólfleifum þeim sem fundust neðst í gryfjunni má ráða að hafist hafi verið við í henni, en gólfslag þetta er að mestu ókannað enn. Þó að rannsókn gryfjunnar sé langt frá því lokið er ljóst að hún sver sig í ætt við jarðhús frá víkingaöld sem fundist hafa við fornbyli á Íslandi og annarsstaðar á Norðurlöndum. Yfir gólfi jarðhússins er hrúnið hleðsluefni sem kemur úr veggjum hússins og jafnvel þaki. Er hleðslur hússins hafa fallið saman eftir að það lauk sínu upphaflega hlutverki hefur tóftin verið notuð fyrir úrgang. Þannig hafa hlaðist upp úrgangslög um áratugaskeið. Í þessum lögum eru bein, eldsmerktir steinar og aska af brenndum mó og viði.

Athugun á aldri gryfjunnar gagnvart byggingarsögu skálans reyndist einnig árangursrík. Rekja má efsta ruslalagið í gryfjunni útyfir vegg hennar og nær það óslitið að skálanum og undir skálavegg. Hefur skálinn því verið reistur síðar en jarðhúsið. Hefur hann ekki verið reistur fyrr en löngu eftir að jarðhúsið féll saman, því það var þegar orðið að ruslaholu og í raun orðið sneisafullt. Í fyrstu leit út fyrir að úrgangurinn í gryfjunni hefði komið frá skálanum, en nú er ljóst að ekkert af honum er komið þaðan. Hofsstaðabúar hafa reist sér annað eða önnur hús er þeir fluttu úr jarðhúsinu og áður en þeir hófust handa við byggingu skálans. Frá því húsi eða húsum hefur verið borinn út úrgangur og hann lent m.a. í jarðhústóftinni. Síðan hafa þau híbyli verið aflögð líkt og jarðhúsið, en hinn mikli og stóri skáli verið reistur í þeirra stað. Hvar þau híbyli voru er ekki unnt að segja nú, en rétt er að minna á að við rannsóknir 1992 kom í ljós torfveggur skammt vestan við skálann að norðanverðu. Er það mannvirki undir jarðlögum sem ganga undir skálann og því eldra en skálinn. Má vera að það mannvirki sé hluti af bústað sem liggur vestan

skálans en hefur kyrfilega verið jafnaður út og sést ekki móta fyrir á yfirborði.

Þessar niðurstöður kollvarpa fyrri hugmyndum um gryfjuna við Hofsstaði. Daniel Bruun og Finnur Jónsson töldu að gryfjan hafi verið grafin til að henda í hana rusli. Þeir gátu ekki útskýrt hversvegna menn hafi haft svo mikið við að grafa holu fyrir rusl og hlaða um hana vegg. Hefðu þeir grafið ögn dýpra hefðu þeir mjög líklega lent niður í gólfláginu og öðrum mannvistarleifum sem þar kunna að leynast. Olaf Olsen rannsakaði eitt sniða holunnar og taldi hana helst vera soðholu, enda er hún full af úrgangi úr slíkum holum og öðrum eldstæðum. Olsen virðist hafa túlkað lagið undir ruslalögunum sem óhreyfðan jarðveg, en það lag er ljóslega hrunið torfhleðsluefni. Rannsóknin 1995 innan gryfjunnar náði ekki út fyrir takmörk fyrri rannsókna og byggir því á sama efniviði og fyrri athuganir, en túlkun jarðlaga hefur leitt til nýrrar niðurstöðu.

Til þessa hafa rannsakendur og aðrir fræðimenn sem um Hofsstaðaminjar hafa fjallað, talið skála og gryfju hafa verið í notkun á sama tíma. Hafa Bruun, Finnur og Olsen verið sannfærðir um það efni og ekki talið nauðsynlegt að grafa á milli skála og gryfju til að leita af sér allan grun. Jafnvel hefur um nokkurt skeið verið talið að hægt sé að nota samhengi gryfju og skála, eins og það var álitnið vera á Hofsstöðum, sem vísbendingu um staði þar sem heiðnar helgiathafnir fóru fram. Hugmyndin er sú að afarstórar soðholur sem finnast hjá rúmgóðum skálum sýni að þar hafi verið höfðingjar sem staðið hafi fyrir fjölmönnum blótveislum. Athugun á afstöðu gryfju og skála hefur leitt í ljós að þessi mannvirki eru ekki frá sama tíma og skilja þar jafnvel nokkrar kynslóðir ábúenda á milli. Hugmyndir um afarstórar soðholur fyrir matseld í blótveislum eða jafnvel fórnarathafnir eru því haldlitlar og verða ekki byggðar á gögnum frá Hofsstöðum í Mývatnssveit.

Auk þeirra svara sem fengist hafa við beinum fræðilegum spurningum, staðfestir árangur Hofsstáðarannsóknarinnar gildi enduruppgrftar. Á þetta einkum við endurskoðun á rannsóknum sem gerðar voru áður en íslenskir fornleifafræðingar gátu notið ávinnings af aldursákvörðun mannvistarleifa með aðferðum jarðfræðinnar.

Nú er fyrirhugað að halda áfram rannsóknum á Hofsstöðum, enda þyrlast upp nýjar rannsóknarspurningar og ýmis heillandi viðfangsefni blasa við. Ekki var hreyft við úrgangi í jarðhúsinu að þessu sinni, enda liggur þar dýrmætur forði menningarsögulegra upplýsinga, s.s. um

mataræði og eldsneytisnotkun Mývetninga á 9. og 10. öld. Upplýsingar sem þessar eru lykill að umfangsmeiri rannsóknum á aðlögun fyrstu kynslóða Íslendinga að íslensku vistkerfi og áhrifum mannsins á náttúrufar. Bein eru afar vel varðveitt og jafnframt finnast þar kolaðar jurtaeifar sem unnt er að greina til tegunda. Gefur það góða von um árangursríkar fornvistfræðithuganir. Er úrgangslögin hafa verið fjarlægð verður unnt að taka til óspilltra málanna við athugun á gerð jarðhússins. Leynardómurinn í Hofsstaðalandi er bústaðurinn þar sem búið var um 900, áður en stóri skálinn kom til sögunnar. Er það vissulega mikilsvert rannsóknarefni að rekja sögu og þróun búsetunnar á Hofsstöðum, frá jarðhúsi til hins stóra skála og leitast þannig við að auka þekkingu og skilning á framvindu landnáms á Íslandi til forna.

Heimildir

Adolf Friðriksson (1992) *Fornleifarannsóknir á Hofsstöðum í Mývatnssveit 1991-1992*, (ópr. rannsóknarskýrsla), Reykjavík.

- (1994a) *Sagas and popular Antiquarianism in Icelandic Archaeology*. Avebury, Aldershot.

- (1994b) Sannfræði íslenskra fornleifa. *Skírnir* 168. ár, 1994, 346-376.

- (1994c) Sturlunga minjar. *Núnda alþjóðlega fornsagnaþingið: Samtíðarsögur I*, bls. 1-15.

Arbmann, Holger och Stenberger, Mårten (1935) *Vikingar i västerled*, Stockholm, 1935.

Bjarni F. Einarsson (1992) Granastaðir-grophuset och andra íslenska grophus i ett nordiskt sammanhang. *Viking* 55, 95-119.

Branston, Brian (1980) *Gods of the North*. Thames and Hudson, London.

Bruun, D. (1928) *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*. Kh. 1928. 2. útg., 1. útg. Kh. 1897.

Bruun, D. og Finnur Jónsson (1909) Om hove og hovudgravninger paa Island. *Aarbøger for Nordisk Oldkyndighed og Historie*. 1909, 245-316.

- (1910) Undersøgelser og Udgravninger paa Island 1907-09. *Geografisk Tidsskrift*. 1909-10. Vol.20, 302-15.

- (1911) Finds and excavations of Heathen Temples in Iceland. *Saga Book of the Viking Club* 1911 Vol. VII. pp. 25-37.

Brynjúlfur Jónsson (1901) Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1901, 7-27.

Brøndsted, Johannes (1965) *The Vikings*. [1st ed. 1960]. Penguin Books, Harmondsworth.

Foote, Peter G. and David M. Wilson (1980) *The Viking Achievement*. Sidgwick & Jackson. London.

Garðar Guðmundsson (1992) *Sýnataka og vinnsla kolaðra jurtaleifa frá fornleifauppgrefti að Hofsstöðum í Mývatnssveit 1992*. (Ópr. áfangaskýrsla).

Guðmundur Hannesson (1943) Húsagerð á Íslandi. *Iðnsaga Íslands I*, Guðmundur Finnbogason (ritstj.), Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, Reykjavík, 1-317.

Jón Jóhannesson (1956) *Íslendinga saga I. Þjóðveldisöld*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Jones, Gwyn (1984) *A History of the Vikings*, 2. útg., Oxford.

Kristján Eldjárn (1970) Tvær doktorsritgerðir um íslensk efni. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1969, 99-125.

-
- (1974) Fornþjóð og minjar. *Saga Íslands I.*, 101-152. Reykjavík.
- Magnús Á Sigurgeirsson (1992) *Hofsstaðir, Mývatnssveit. Gjóskulagaathugun vegna fornleifarannsóknar.* (Ópr. rannsóknarskýrsla).
- Olsen, O. (1965) Hørg, hov og kirke. *Aarbøger for Nordisk Oldkyndighed og Historie* 1965, 5-307.
- Munch, Gerd Stamsø (1991) ? Hus og hall. En høvdinggård på Borg i Lofoten?, *Nordisk hedendom. Et symposium*, Odense 1991, 321-33.
- Orri Vésteinsson (1992) *Pit-Houses in Iceland.* An unpublished Master's Thesis. Institute of Archaeology, UCL, London.
- (1994a) *Cult-Continuity or Disruption?* Early medieval seminar, Institute of Historical Research 19.10.1994, London (ópr.).
- (1994b) Skjalagerð og sagnaritun. *Núnda alþjóðlega fornsagnaþingið: Samtíðarsögur I*, bls. 626-637.
- Ólafur Briem (1985) *Heiðinn siður á Íslandi.* [1. útg. 1945]. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Roesdahl, Else (1982) *Viking Age Denmark.* Colonnade Books, London.
- Roussell, Aage (1943) Komparativ Avdelning. : Stenberger, Maarten (ed.) *Forntida Gaardar i Island. Nordiska arkeologiska undersökningen i Island 1939.* Kh. 1943., 191-223.
- Shetelig, Haakon and Hjalmar Falk (1937) *Scandinavian Archaeology.* Clarendon Press, Oxford.

Frumgögn

Dagbók Adolfs Friðrikssonar 30.7-11.8 1995

Dagbók Orra Vésteinssonar 30.7-11.8 1995

Vasabók Adolfs Friðrikssonar 30.7-11.8 1995

16 context eyðublöð

Teikning 1.: Sniðteikning. Snið-a, er sýnir yfirborð og A-hlið langsniðs G-1 frá 1908, teiknað af OV; 03.08.95.

Teikning 2.: Flatarteikning. Gryfja G, sýnir takmörk uppgraftarsvæðis 1908 og 1995 og hæðartölur efsta mannvistarlags, teiknað af OV; 04.08.95.

Teikning 3.: Sniðteikning. Snið-b, sýnir norðurhlið G-2 í gryfju G, teiknað af OV; 06.08.95.

Teikning 4.: Sniðteikning. Snið-c, sýnir suðurhlið G-2 í gryfju G, teiknað af OV; 07.08.95.

Teikning 5.: Sniðteikning. Snið-d, sýnir vesturhlið G-1 í gryfju G, teiknað af OV; 08.08.95.

Teikning 6.: Sniðteikning. Snið-e, sýnir austurhlið G-1 í gryfju ? G?, teiknað af OV; 09.08.95.

Teikning 7.: Sniðteikning. Snið-f, sýnir austurhlið R-skurðar norðan gryfju, teiknað af AF, MS, MS; 09.08.95.

Teikning 8.: Sniðteikning. Snið-g, sýnir vesturhlið R-skurðar norðan gryfju, teiknað af MS; 10.08.95.

Teikning 9.: Sniðteikning. Snið-h, sýnir suðurenda R-skurðar norðan gryfju, teiknað af MS; 10.08.95.

Teikning 10.: Sniðteikning. Snið-i, sýnir norðurenda R-skurðar norðan gryfju, teiknað af MS, MS; 09.08.95

Ljósmyndaskrá
Filma 1. Svarthvít

Nr.	Efni	Stefna	Dags	Stund
1.	0			
2.	Gryfja - yfirlit frá S,		30.07.95	kl. 16.00
3.	Gryfja - yfirlit frá S,		30.07.95	kl. 16.00
4.	Gryfja - yfirlit frá SSA,		30.07.95	kl. 16.00
5.	Gryfja - yfirlit frá SSA,		30.07.95	kl. 16.00
6.	Gryfja, hálf grafín - frá S,		1.08.95	kl. 15.00
7.	Gryfja, hálf grafín - frá S,		1.08.95	kl. 15.00
8.	Snið A - frá V,		3.08.95	kl. 10.00
9.	Snið A - frá V,		3.08.95	kl. 10.00
10.	Maður í G-1 í holu - frá S,		9.08.95	kl. 17.30
11.	Maður í G-1 í holu - frá S,		9.08.95	kl. 17.30
12.	Gryfja - frá S,		9.08.95	kl. 17.30
13.	Gryfja - frá S,		9.08.95	kl. 17.30
14.	Snið-h milli R og gryfju - frá N,	9.08.95		kl. 17.30
15.	Snið-h milli R og gryfju - frá N,	9.08.95		kl. 17.30
16.	Snið-i, norðursnið R - frá S,		10.08.95	kl. 16.00
17.	Snið-i, norðursnið R - frá S,		10.08.95	kl. 16.00
18.	Snið-h í skurði R - frá N,		10.08.95	kl. 17.00
19.	Snið-h í skurði R - frá N,		10.08.95,	kl. 17.00
20.	Snið-h í skurði R - frá N,		11.08.95	
21.	Snið-h í skurði R - frá N,		11.08.95	
22.	Snið-h í skurði R - frá N,		11.08.95	
23.	Snið-h í skurði R - frá N,		11.08.95	
24.	S-hluti vesturbakka R- frá A,		11.08.95	
25.	S-hluti vesturbakka R- frá A,		11.08.95	
26.	S-endi austurbakka R- frá V,		11.08.95	

27. S-endi austurbakka R- frá V,	11.08.95
28. Syðsti hluti austurb. R- frá V,	11.08.95
29. Yfirlit yfir G, meint jarðhús - frá V,	11.08.95
30. Yfirlit yfir G, meint jarðhús - frá V,	11.08.95
31. Yfirlit yfir syðsta hl. G - frá V,	11.08.95
32. Yfirlit yfir miðhl. G - frá V,	11.08.95
33. Yfirlit yfir nyrsta hl. G - frá V,	11.08.95
34. Yfirlit yfir ? snið-b? - frá S,	11.08.95
35. Yfirlit yfir ? snið-b? - frá S,	11.08.95
36. Yfirlit yfir ? snið-b? - frá S,	11.08.95

Filma 2 Svarthvít

1. Yfirlit yfir vesturenda ? sniðs-b? - frá S,	11.08.95
2. Yfirlit yfir miðhluta ? sniðs-b? - frá S,	11.08.95
3. Yfirlit yfir austurenda ? sniðs-b? - frá S,	11.08.95
4. Yfirlit yfir ? snið-b? - frá S,	11.08.95
5. Yfirlit (1. af 6) yfir suðurenda ? sniðs-e? - frá V,	11.08.95
6. Yfirlit (2. af 6) yfir suðurhluta ? sniðs-e? - frá V,	11.08.95
7. Yfirlit (3. af 6) yfir miðhluta ? sniðs-e? - frá V,	11.08.95
8. Yfirlit (4. af 6) yfir miðhluta ? sniðs-e? - frá V,	11.08.95
9. Yfirlit (5. af 6) yfir norðurhluta ? sniðs-e? - frá V,	11.08.95
10. Yfirlit (6. af 6) yfir norðurenda ? sniðs-e? - frá V,	11.08.95
11. G-1, austanm. og vestan þ.e. norðurhluti - frá N,	11.08.95
12. G-1, austanm. og vestan þ.e. norðurhluti - frá N,	11.08.95
13. ? Snið-d? - frá N,	11.08.95
14. ? Snið-d? - frá N,	11.08.95
15.-21. Yfirlit yfir frágang á ? G? - frá S,	11.08.95


Litskyggjur

1. Gryfja - yfirlit frá S,	30.07.95	kl. 16.00
2. Gryfja - yfirlit frá S,	30.07.95	kl. 16.00
3. Gryfja - yfirlit frá SSA,	30.07.95	kl. 16.00
4. Gryfja - yfirlit frá SSA,	30.07.95	kl. 16.00

5. Gryfja, hálf grafin - frá S,	1.08.95	kl. 15.00
6. Gryfja, hálf grafin - frá S,	1.08.95	kl. 15.00
7. ? Snið-a? - frá V,	3.08.95	kl. 10.00
8. ? Snið-a? - frá V,	3.08.95	kl. 10.00
9. Maður í G-1 í holu - frá S,	9.08.95	kl. 17.30
10. Maður í G-1 í holu - frá S,	9.08.95	kl. 17.30
11. Gryfja - frá S,	9.08.95	kl. 17.30
12. Gryfja - frá S,	9.08.95	kl. 17.30
13. Þversnið ? h? - frá N,	9.08.95	kl. 17.30
14. Þversnið ? h? - frá N,	9.08.95	kl. 17.30
15. Þversnið ? i? í skurði R - frá S,	10.08.95	kl. 16.00
16. Þversnið ? i? í skurði R - frá S,	10.08.95	kl. 16.00
17. Þversnið ? h? í skurði R - frá N,	10.08.95	kl. 17.00
18. Þversnið ? h? í skurði R - frá N,	10.08.95	kl. 17.00
19. Þversnið ? h? í skurði R - frá N,	11.08.95	
20. Þversnið ? h? í skurði R - frá N,	11.08.95	
21. Syðsti hluti vesturbakka R-frá A,	11.08.95	
22. Syðsti hluti austurbakka R-frá V,	11.08.95	
23. Syðsti hluti austurbakka R-frá V,	11.08.95	
24. Syðsti hluti austurbakka R-frá V,	11.08.95	
25. Yfirlit yfir meint jarðhús - frá V,	11.08.95	
26. Yfirlit yfir meint jarðhús - frá V,	11.08.95	
27. Meint jarðhús, suðurhl. - frá V,	11.08.95	
28. Meint jarðhús, miðhl. - frá V,	11.08.95	
29. Meint jarðhús, norðurhl. - frá V,	11.08.95	
30. Yfirlit yfir ? snið-b? - frá S,	11.08.95	
31. Yfirlit yfir ? snið-b? - frá S,	11.08.95	
32. Yfirlit yfir meint jarðhús,	11.08.95	
33. Yfirlit yfir ? snið-b? - frá S,	11.08.95	
34. Yfirlit yfir ? snið-b? - frá S,	11.08.95	

35. Meint gólf í gryfju ? G?- frá A, 11.08.95

36. Meint gólf í gryfju ? G?- frá A, 11.08.95



Viðbætur

Magnús Á. Sigurgeirsson:

*Hofsstaðir í Mývatnssveit.**Könnun á gjóskulögum vegna fornleifarannsókna sumarið 1995**Mæld snið*

Mæld voru þrjú snið í tengslum við þessa rannsókn, HO-1, HO-2 og HO-3. Öll voru sniðin úr skurði, rúmlega 12m löngum, sem grafinn var á milli ? hofstóftarinnar? og ? ruslagryfjunnar.

Snið HO-1: Í norðurenda skurðar.


Snið HO-2: Í austurbakka skurðarins á milli 5-5,5 m frá suðurenda.

Snið HO-3: Í suðurenda skurðar

Í sniðunum koma fram sex gjóskulög ofan mannvistarlaga, fimm dökk og eitt ljóst. Næst undir mannvistarlögunum er landnámssyrpan (LNS). Telja verður víst að hér sé um að ræða sömu gjóskulög og komu fram við rannsóknirnar að Hofsstöðum sumarið 1992 (Magnús Á. Sigurgeirsson 1992). Til að staðfesta að svo sé voru gjóskusýni skoðuð undir smásjá. Hvað árfærslur gjóskulaganna varðar skal vísað til greinargerðar sem unnin var vegna rannsóknarinnar 1992. Gjóskulögin sex sem fyrr voru nefnd eru eftirfarandi:

1. Gjóskulag frá árinu 1717. Upptök þess eru í norðanverðum Vatnajökli.
2. Gjóskulag sem almennt er nefnt ? a-lagið?. Það er komið frá Veiðivatna-Dyngjuháls eldstöðvakerfinu. Hugsanlegt er þó að það sé að hluta komið frá eldstöðvum í Vatnajökli. Þetta lag er frá því um 1480.
3. Gjóskulag frá því um 1410 (útreiknaður aldur). Upptök eru í Veiðivatna-Dyngjuháls kerfinu.
4. Heklulag frá árinu 1300. Í framhaldi af rannsóknunum sumarið 1992 var sýni úr þessu gjóskulagi efnagreint að staðfestist þá að um Heklugjósku er að ræða (Magnús Á. Sigurgeirsson, óbirt gögn). Gjóska er ísúr með 60-63% kísilsýru (SiO₂) sem er í samræmi við aðrar greiningar sem gerðar hafa verið.
5. Kötlulag sem að öllum líkindum er frá árinu 1262.

6. Ljós Heklugjóska sem samsvarar lögunum H-1104 og/eða 1158. Til einföldunar verður þetta lag eftirleiðis talið vera frá árinu 1104.



Þrjú snið við Hofsstaði í Mývatnssveit, rannsókuð 1995.

Í landnámssyrpunni eru fjögur gjóskulög. Efst er grænleitt, um 0.5sm þykkt lag. Þetta gjóskulag er að öllum líkindum sjálft landnámslagið. Næst kemur <0.5 sm þykkt grænleitt lag og neðar eru gráleitt 1 sm þykkt lag og svart 1.5 sm þykkt lag. Neðstu tvö lögin eru jafnan mest áberandi í jarðvegi á Norðurlandi og hafa gengið undir nöfnunum *b* og *c* lögin (Sigurður Þórarinnsson 1951). Grænleitu lögin tvö eru komið frá Veidivatna-Dyngjuháls kerfinu, gráa lagið frá Grímsvötnum og svarta neðasta lagið frá Kötlu (Magnús Á. Sigurgeirsson 1993). Landnámssyrpan kemur skýrt fram í torfi í báðum endum skurðarins og einnig í veggjum meints jarðhýsis. Neðan LNS má sums staðar sjá ljóst gjóskulag sem er um 1800 ára gamalt og komið frá Torfajökulssvæðinu. Næst neðan þess kemur gjallkennt gjóskulag frá Hverfjalli. Það er um 2700 ára gamalt. Fáum sentimetrum neðar er ljósa Heklugjóska H3 sem er um 2900 ára gamalt. Ekki verður fjallað frekar um forsöguleg gjóskulög hér.

Aldur mannvistarlaga í ljósi gjóskutímatala

Þau gjóskulög sem einkum nýtast við aldursákvörðun mannvistarlaga á Hofsstöðum eru gjóskulögin H-1104 og landnámslagið, efsta gjóskulag landnámssyrpunnar. Í sniðunum sem mæld voru, HO 1-3, kemur fram að lítið sem ekkert bil er á milli landnámslagsins og mannvistaralaga eða ? hreyfðra? laga. Í sniði HO-1 er 0.5-1.0 sm þykkt ljóst moldarlag þar á milli. Bendir þetta til þess að mannvist (búseta) þarna hafi byrjað mjög stuttu eftir að landnámslagið féll (sem nú er talið hafa verið 871-872 e. Kr.). Er þar að mínum dómi um nokkur ár eða í mesta lagið áratug að ræða. Lega H-1104 yfir mannvistarlögum, á bilinu 3-7 sm, bendir til að Hofsstaðaskálinn stóri hafi verið aflagður all löngu áður en gjóskulagið féll. Í greinargerð minni frá 1992 var dregin sú ályktun að það hefði gerst um miðja 11. öldina. Sýnist mér að sú ályktun standi fullgild eftir þessar síðustu rannsóknir. Sé gefið að ofgreindar ályktanir séu réttar, spannar búseta á Hofsstöðum 150-170 ára tímabil. Að raða ? búsetuskeiðum?, sem væntanlega eru þrjú, niður á þetta tímabil læt ég fornleifafræðingum eftir.

Helstu heimildir

Magnús Á Sigurgeirsson (1992) *Hofstaðir, Mývatnssveit. Gjóskulagaathugun vegna fornleifarannsóknar.* (Ópr. rannsóknarskýrsla).

Magnús Á. Sigurgeirsson (1993) *Gjóskulög í innanverðum Eyjafjarðardal.* Dagskrá og ágrip. Vorráðstefna, Jarðfræðingafélag Íslands, bls. 41-42.

Sigurður Þórarinnsson (1951) *Laxárgljúfur and Laxárhraun, a tephrochronological study.* *Geografiska Annaler*, h. 1-2, bls. 88.